

Íslenska 5.bekkur

Kennarar: Hildur Karlsdóttir; Ingunn Óladóttir; Jóna K. Karlsdóttir;
Katrín Sæland Einarsdóttir

5

Skólaárið

Skólaárið 2024-2025

Helstu námsþættir vetrarins

Kennsla er byggð upp þannig að í byrjun kennslustundar/vifangefnis verður farið yfir markmið verkefnis og vinnubrögð. Unnið verður með málfræði, talað mál og hlustun, ritun, lestur og bókmenntir. Lögð verður mikil áhersla á lestur, ritun og vinnu með ólíka texta.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Unnið verður í anda Rætt til ritunar þar sem áhersla er á ólíkar nálganir s.s. leikræna tjáning, orðaforða, leiki, lestur og umræður.

Ritun og læsi verður í forgrunni og áherslur í stafsetningu og málfræði tengd inn í þá vinnu. Unnið verður með ólíka texta s.s. sögugerð, leiðbeiningar og fræðitexta.

Unnið verður í hringekjum en einnig brotið upp með annars konar vinnu.

Heimalestur, nemendur lesa fimm daga vikunnar (20 mín í senn) og vinna tvö verkefni í viku sem reyna á lesskilning. Forráðamenn skrá lestur á blað sem á að skila í byrjun hvers mánudags ásamt verkefnum. Markmiðið er að lesa sér til skilnings og njóta þess að lesa góðar bækur. Á meðan unnið verður með Benjamín dúfa byggist heimalesturinn á þeirri bók.

Upplýsingum tengdum viðfangsefni hverju sinni er safnað á námsvegg.

Ágúst- september: Benjamín dúfa, Orðpor, ritun (leiðbeiningar), framsögn,

Október - nóvember: Orðspor, ritun (sögugerð), framsögn

desember: Orðspor, ritun, framsögn, jólaverkefni

Janúar - mars: Kennarinn sem hvarf, Fyrsti smellur, framsögn

Apríl - maí: Ritun (kynjaverur), framsögn, Fyrsti smellur

Námsaðlögun

Aukakennari verður með lestrarþjálfun (gagnvirkur lestur/PALS) og verkefni verða aðlöguð að getu hvers og eins.

Námsmat

Nemendur fá reglulega endurgjöf frá kennara í verkefnavinnu, lögð verða fyrir matsverkefni og sjálfsmat.

Námsgögn

Orðspor 1 nemenda og verkefnabók, Fyrsti smellur, Benjamín dúfa, Kennarinn sem hvarf, verkefni í tengslum við Rætt til ritunar, valin verkefni í stafsetningu, málfræði og lesskilningi. Valdir textar héðan og þaðan.

AS Íslenska 5. bekkur 2019 - 2025 - Talað mál og hlustað

- tjáð sig áheyrilega, hlustað af athygli og beitt reynslu til að skilja það sem sagt er

AS Íslenska 5. bekkur 2019 - 2025 - Lestur og bókmenntir

- lesið ólíka texta við hæfi. Lesið sér til ánægju og fróðleiks, greint aðalatriði og helstu efnisorð í texta
- beitt nokkrum ljóða- og bókmenntahugtökum.

AS Íslenska 5. bekkur 2019 - 2025 - Ritun

- ritað ólíkar tegundir texta í samhengi með mismunandi framsetningu
- beitt helstu reglum um uppbyggingu texta og aldursamsvarandi réttritun

AS Íslenska 5. bekkur 2019 - 2025 - Málfræði

- nýtt góðan orðaforða við málnotkun í ræðu og riti
- greint helstu einkenni og hlutverk nokkurra orðflokka